

Freyja Bergsveinsdóttir
Gunnlaugur SE Briem

1B

Ítalíuskrift

Kennsluleiðbeiningar



- Ítalíuskrift
- ✓ Kennnd sem hreyfing
 - ✓ Skemmtileg þegar hægt er
 - ✓ Enginn heltist úr lestinni


ó ö ø œ ts o-fjölskyldan

l i j f l-fjölskyldan

x v w z x-fjölskyldan

1B Ítalíuskrift

Seinni bókin af tveimur, hin er 1A



Skrift kennd sem hreyfing

Heimsins besta rithönd?

Ítalíuskrift er skýr, einföld rithönd sem aðlagast persónu-einkennum auðveldlega. Þegar vel tekst til er hún listaverk.

Sumir kunna best við breiða, ávala stafi. Hjá öðrum verða þeir skarpir. Flestir meðalvegir þar á milli eru í góðu lagi.

Sjá betur kaflana:

Undirstaða

Saga Ítalíuskriftar

á vefir.nams.is/italiuskrift

postur@italiuskrift.com

Ef einhverjar spurningar vakna, sendið okkur endilega tölvupóst. Við reynum að svara eftir bestu getu.

Freyja og Gunnlaugur



<italiuskrift.com>

MARKMIÐ Ítalíuskriftar er að leggja traustan grunn að skrift barnanna. Henni er fylgt fram frá tveimur hliðum. Annars vegar læra þau fastmótað hreyfingakerfi. Hins vegar er útskýrt fyrir þeim hvernig það verður að stöfum.

Grunnhreyfingin er krákustigur, endurtekinn aftur og aftur. Þegar hann breytist í skrift, verður skriftin taktföst og samræmd. Þetta þarf að fastmóta hjá börnunum strax frá byrjun.

Mikilvægt er að byrja alltaf á fyrstu bókinni. Undirstöðunni má ekki sleppa. Hana geta eldri nemendur tileinkað sér á skömmum tíma. Flestir hafa þroskaðri fínhreyfingar og einhverja undirstöðu í skrift. Einu gildir hvenær þessi hefti eru tekin í notkun eða í hvaða bekk: bækur 1A og 1B eru nauðsynlegt upphaf.

Allar kennsluleiðbeiningarnar er rétt að lesa vel yfir áður en kennsla hefst.



Skyldleiki

Litlu stöfunum er skipt í fjölskyldur. Innan á bókarkápunni, fremst og aftast, er sýnt hvernig dregið er til hvers stafs. Á þessum síðum má rifja upp stafaslóðir.

italíuskriфт

Skýringar með bók

Ítarlegri kennsluleiðbeiningar eru á vef Námsgagnastofnunar: [-vefir.nams.is/italiuskrift-](http://vefir.nams.is/italiuskrift)

Á vinstri hluta hverrar síðu í bókinni eru myndrænar leiðbeiningar. Ef texti fylgir með mynd er gert ráð fyrir að sa sem leiðbeinir barninu lesi fyrir það leiðbeiningarnar.

Vinstri og hægri hönd
Bókina er fyrir snúðena og sérhenta. Skýringarmyndir eru því ýmist af vinstri eða hægri hönd. Lítr á fingrum hjálpa til við að læra rétt grip á skrifari.

Skrifa
Myndirnar tákna að það eigi að skrifa.

Spora
Myndirnar tákna að það eigi að spora með fingri.

Byrja
Myndin segir til um hvar byrja á afgangi.

Rétt og Rangt
Myndirnar gefa til kynna hvað er gert rétt og hvað er rangt að gera.

Litr
Myndirnar sýna hvernar megi nota lit við afgangi.

Sturtar punktur sýnir hvar á að byrja að skrifa stafinn.

Stafalíðir sýna hvernig dregið er til stafa. • Raubur ljóshringur sýnir byrjarspurni. • Grá punktalína sýnir slóð pennans þegar honum er lyft og byrjað aftur.

Hjálparlinur hjálpa til við að átta sig á hlutföllum og stærð stafa.

Línusákn sól, ský, flugvél, skíp og kafkátur hjálpa til við að minna hæð og staðsetningu stafa.

Réttur halli, stærð og form
Mjög mikilvægt er að láta alla stafi halla eins til að fá áferðarfallaga skrift. Eins að halla réttu stærð, rétt form og jafnt bil á milli stafa. Líðstær hjálparlinur eru á nokkrum stöðum í bókinni.

Skrifari
Bjantar eru ekki allir eins. Þeir mjúku eru bestir. **HÉ, ÁÐ eða GÞ**. Mikilvægt er að velja skrifari sem hentar. Gott er að prófa nokkrar gerðir.

Gripinnmi á bjantinum getur hjálpað til við að ná réttu gripi.

Sitja rétt
Mikilvægt er að sitja rétt við borð. Stóllinn sem setið er á þarf að vera í réttu hæð við borðið. Framhandleggur þurfa að hvíla þægilega á borðinu.

Forskriftarblöð
Úrval forskriftarblaða til úprentunar er hægt að nálgast á kennsluvef.

1

Bls. 1 Skýringar með bók

LEIÐBEININGAR þarf að lesa yfir með börnunum og útskýra þær í þaula. Hér eru mikilvæg atriði úr bókinni.

Kennt er með nýjum áherslum.

1. Skrifitin er kennd sem hreyfing.
2. Ekkert barn má heltast úr lestinni. Nóg er til af viðbótaræfingum á italiuskrift.com fyrir þá sem þurfa á aðstoð að halda.
3. Aðaláherslan er á hreyfingakerfi litlu stafa en þeir eru yfir 75% af íslenskum texta.
4. Börnin læra tengda skrift frá upphafi.
5. Mikil áhersla er lögð á að draga rétt til stafs.
6. Stafir með sama svipmót skiptast í fjölskyldur. Hver þeirra er auðkennd með sínum lit.
7. Hjálparlinur mynda ramma sem afmarkar penna-drætti. Þær skýra stærð stafa og hlutföll þeirra.

Bókin hentar örvhentum jafnt sem réttthentum.

Þessi bók, 1B, er seinni bókin af tveimur. Fyrri bókin er 1A. Í henni eru a og b fjölskyldurnar kenndar. Þessi bók er beint framhald og í henni eru o, l og x fjölskyldurnar kenndar. Byrjað er á að æfa og kynna o-fjölskylduna og svo hinar tvær.


Eftir hverja blaðsíðu þarf að skoða æfingar hvers barns og meta þær. Ef það hefur ekki náð tilskildum árangri má ævinlega ná í fleiri sambærilegar æfingar sem það getur fengið við áður en byrjað er á næstu síðu.

Gert er ráð fyrir því að kennarar hafi kynnt sér allan kennsluvefinn áður en þeir byrja að kenna bækurnar. Til upprifjunar er þeim bent á að lesa tiltekna kafla á kennsluvefnum því í þeim er fjallað ítarlegar um það sem verið er að leiðbeina með hverju sinni.


Sum börn keppast við að ljúka æfingum eins fljótt og þau geta. Þau læra litið af því. Í hverjum skriftartíma þarf að minna bekkinn á flýta sér ekki, stundum oftast en einu sinni.

Munið alltaf eftir að hrósa barninu. (Rannsóknir gefa til kynna að lof fyrir iðjusemi dugi betur en fyrir hæfileika.)

Kennsluleiðbeiningar eru á kennsluvef Námsgagnastofnunar: [-vefir.nams.is/italiuskrift-](http://vefir.nams.is/italiuskrift) Viðbótarefni er hægt að nálgast á lénid: italiuskrift.com



Bls. 2 Hringhreyfingin rifjuð upp




Tiglar



Sextrendingar




Bólur



Kúlukrukka



Bugðuspor



Freknur

Fleiri sambærilegar æfingar eru á: italiuskrif.com undir:
 > Kennslugögn
 > Byrjendur
 > Boglinur 1

Leggið okkur lið. Deilið skemmtilegum hugmyndum, sendið okkur línu: postur@italiuskrift.com og við komum þeim áfram.

HHRINGIR og sporöskjur eru góðar æfingar fyrir bogadregna stafi.

Nemandinn á að teikna göt í ostana, kringlótt eða sporöskjulaga. Síðan má hann lita ostana tvo hægra megin ef hann vill.

Gæta þarf þess að:

- Byrja alltaf efst á hring, aldrei neðst.
- Skrifa til vinstri og niður (rangsælis), svo til hægri og upp á við þangað til hringforminu er lokað.

Ung börn átta sig kannski ekki alveg á muninum á sporöskju og hring, hvað þá flóknari hugtökum. Í byrjun skiptir langmestu máli að skrifa hringformið með réttri slóð. Orðið rangsælis getur vafist fyrir börnum. Gott er að kennari sýni á töflu hvernig dregið er til stafs.

Áður en farið er í þessa æfingu er gott að þjálf hringformið á ýmsan hátt, meðal annars með fleiri æfingum. Eins og áður geta börnin spreytt sig á að teikna stóra hringi á töfluna. Líka getur verið gaman að mála stóra hringi á stórt blað.



Bls. 3 o-fjölskyldan kynnt og kennd

KRÁKUSTÍGAR eru grundvöllur o-fjölskyldunnar. Hún er bogadregin og bugðótt og lítur vel út með stöfum sem eru ólíkir henni að lögun.

Hér er sýnt hvernig ávalir stafir sitja á beinum línunum krákustígsins. Hann mótar hlutföll þeirra, bæði hæð og breidd.


Nemandinn á að spora krákustígana og stafina á blaðinu. Gott er að fara nokkrum sinnum ofan í.

Áður en hann byrjar æfinguna er nauðsyn að kennari kynni stafina og útskýri hvern og einn í þaula. Einnig þarft að benda á hvernig tengt er í stafina og úr þeim. Í o-fjölskyldunni er það er mjög mismunandi.

Sjá betur kaflann **o-fjölskyldan**.

Ítaliuskript hallast rúmar þrjár gráður. Börnum sem vilja skrifa með meiri halla má leyfa það. Örvhent börn mega hafa hana upprétta og jafnvel láta hana hallast til vinstri. Hreyfingakerfið stendur óhaggað.

Best er að börnin snúi blöðum og stílabókum þannig að hallinn samræmist þægilegum hreyfingum.




Efst og rangsælis

Stafurinn o byrjar ofarlega og er skrifaður til vinstri, eins og aðrir stafir sem eru svipaðir honum í lögun.

Sjá kaflana **Úr krákustíg í skrift, Lágstafir / Litlir stafir** og **Úr frumformum í skrift, Hástafir / Stórir stafir**

Sjáið einning kaflana **Pennagrip** og **Skrift með vinstri hendi** og munið að mikilvægt er að leiðbeina um rétt pennagrip til þess að koma í veg fyrir skrifkrampa.



Bls. 4 Hringform stafanna æft

Sum börn keppast við að ljúka æfingum eins fljótt og þau geta. Þau læra lítið af því. Í hverjum skriftartíma þarf að minna bekkinn á flýta sér ekki, stundum oftast en einu sinni.

MED því að æfa lögun stafsins o og hvernig tengt er í hann og úr, æfum við hringform allra stafa í o-fjölskyldunni.

Nemandinn sporar ljósu o-in með fingri og byrjar við upphafspunkt. Ágætt er að gera það nokkrum sinnum. Eftir það skrifar hann ofan í ljósu o-in.


Slóð stafsins o er miðsvæðis ofarlega á síðunni og hvernig tengt er úr stafnum er sýnt á vinstri spássiu.

Gæta þarf þess að:

- Byrja alltaf efst á hring, aldrei neðst.
- Skrifa til vinstri og niður (rangsælis), og svo til hægri og upp á við þangað til hringforminu er lokað.

Þessi æfing getur reynst sumum börnum erfið. Þá þurfa þau aðrar og auðveldari; sjá kaflann **Kostir krotæfinga**. Allaf er gott þegar námið verður að leik. Ekki leggja meira á barnið en það þolir.

Munið líka eftir að hrósa því hvenær sem tækifæri gefst.



Bls. 5 o-fjölskyldan o c ð e æ t s

SLÓÐ o-fjölskyldunnar er frábrugðin slóðum a og b fjölskyldnanna. Hún er ávalari, nema í æ-inu þar sem sá stafur er samsettur úr a og e. Hægri og vinstri hliðar stafsins a er báðar skrifaðar niður á við. Hægri hlið stafsins o er hins vegar upp í móti eins og tíðkast um tengilínur.

Nemandinn á að skrifa ofan í útlínustafina. Slóð hvers stafs er sýnd fyrir ofan hann. Svartir punktar sýna hvar á að byrja. Eins og áður er mikilvægt að byrja hvern staf á réttum stað. Kennari þarf að ganga úr skugga um að það sé gert. Þar sem stafirnir eru stórir er þjóðráð að nota vaxliti.


Næst skrifar nemandinn ofan í ljósa o-ið í öðrum kassanum frá vinstri og skrifar síðan a í hina kassana. Svartir punktar sýna hvar á að byrja.

Sjá betur kaflann ***o-fjölskyldan***.

Áferðarfallegur texti, hvort sem hann er skrift á blaði eða prentletur í bók, hefur jöfn bil milli stafleggja.

Mynd merkt Rangt á vinstri hluta síðunnar sýnir mismunandi bil og ójafnan halla. Mynd merkt Rétt sýnir rétt bil og jafnan halla. Augljóst er að þar er skriftin áferðarfallegri og læsilegri.

Nauðsyn er að leiðbeina um rétt pennahald.



Bls. 6 Leikur að deplastöfum

Fleiri æfingar á:
<italiuskrift.com>

Leggið okkur lið. Deilið skemmtilegum hugmyndum, sendið okkur línu:
postur@italiuskrift.com
og við komum þeim áfram.

TENGDIR deplar í réttri röð mynda stafi og kenna rétta slóð. Hér er enn leikið sér að letri.

Nemandinn á að spora fyrsta stafinn, sem er o, með því að fylgja tölustöfum. Næst er stafurinn skrifaður með vaxlit á sama hátt.

Þá sporar hann hinar talnarunurnar með fingri, finnur stafina einn af öðrum, c, ð, e, æ, t, s og skrifar þá svo með vaxlit. Þegar komið er að stjörnu þarf að lyfta litnum að næsta númeri og halda þar áfram.


Með því að spora fyrst og jafnvel oftast en einu sinni þekkir nemandinn slóðina og dregur til stafs af meiri vissu og öryggi. Þar sem stafirnir eru stórir gefst kostur á að nota vaxlit. Ekkert mælir þó móti því að nota blýant fyrst ef nemandinn vill.

Hægt er að stækka þessa síðu með ljósritun og leyfa börnunum að leika sér að stöfunum í mismunandi stærðum og með mismunandi skriffærum.

Vinstra megin á síðunni er sýnt hvernig o-ið á að vera og hvernig ekki. Nauðsynlegt er að kennari útskýri þessar myndir til þess að börnin átti sig á þeim.

Sjá betur kaflann *o-fjölskyldan*.

Munið að leiðbeina um rétt pennagrip.



Bls. 7 Skriftarhreyfingin æfð

LETURFORM Ítalíuskriftar eru byggð á auðveldum skriftarhreyfingum. Þær eru ekki síður mikilvægar en stafirnir sjálfir.

Börnin verða að læra skrift sem þolir hraða til þess að geta notað hana við nám. Til þess þurfa þau að æfa undirstöðuhreyfingar og að tengja stafina saman frá upphafi. Það sem fengist er við frá byrjun verður tamt og sjálfsagt. Með frekari æfingu er hægt að flýta sér en skrifa þó læsilega. Skrift er hreyfing, dans pennans á blaðinu. Hún er öllu meira en teikningar af kyrrstæðum, ótengdum stöfum í röð.

Nemandinn á fyrst að spora krákustigana og síðan skrifa ofan í stafina á krákustigunum. Hér er enn og aftur verið að ítreka krákustigana sem undirstöðu.

Næst skrifar hann ofan í ljósu stafina (o c ð) og svo sömu stafi í auðu bilin. Kostur er að hafa sporað þá áður en þeir eru skrifaðir.

Fyrirmynd rétthentra barna er vinstra megin. Hægra megin, yst á línunni er önnur fyrir örvhenta. Allir byrja að skrifa á sama stað, o-inu lengst til vinstri.

Að lokum skrifar nemandinn ofan í ljósu stafina e, æ, t, s.


Kennari þarf að gæta þess vel að börnin dragi rétt til stafanna. Stafaslóðin er sýnd til vinstri á síðunni. Eins þarf hann að ganga úr skugga um að rétt sé tengt á milli stafa.

Sjá betur kaflann **o-fjölskyldan**.

Dökkir stafir eru fyrirmyndir. Ljósir stafir eru það líka en þá á að skrifa ofan í. Leyfilegt er að skrifa ofan í þá dökku ef börnin kæra sig um.

Dökkir stafir til vinstri eru fyrirmyndir handa réttthentum, dökkir stafir lengst til hægri eru fyrirmyndir handa örvhentum.

Þegar stórir stafir eru skrifaðir fara örvhentir eftir fyrirmyndinni Oo en réttthentir eftir Cc.



Bls. 8 Stafirnir o O og c C æfðir

Farið betur yfir með nemendum, upp við töflu:

- Hvern og einn staf
- Tengingar stafanna

Sjá betur kaflana:

- ***o-fjölskyldan***

(Ath. þessi kafli er hluti úr kaflanum hér fyrir neðan Úr krákustíg ...)

- ***Úr krákustíg í skrift, lágstafir / litlir stafir***
- ***Úr frumformum í skrift Hástafir / Stórir stafir***

SVONA er farið að við að temja sér lágstafina o og c (litla) og hástafina O og C (stóra).

Nemandinn á að skrifa ofan í ljósu krákustígana og ljósu o-in sem eru tengd.

Þá skrifar hann ofan í stafina o, c, o og gætir vel að réttum tengingum.

Næst skrifar nemandinn ofan í stafinn O, svo litla o-ið og á sama hátt ofan í bæði C og c. Gætið þess vel að hann dragi rétt til stafanna. Slóðir eru sýndar á vinstri spássíu.

Þar næst skrifar nemandinn ofan í ljósu stafina Ooo og Ccc. Að lokum skrifar hann ofan í orðið Ostur, skrifar Ostur í auða bilið með byrjunarpunkta til aðstoðar og endar á að skrifa ofan í seinna orðið Ostur. Hann má lita ostinn til vinstri ef hann vill.



Bls. 9 Stafirnir ó Ó og ö Ö

HÉR æfa börnin lágstafina ó og ö (litlir) og hástafina Ó og Ö (stórir).

Nemandinn á að skrifa ofan í ljósu krákustígana og ljósu o-in sem eru tengd.

Næst skrifar hann ofan í tengdu stafina þrjá ó c ö. Eins og venjulega þarf að gæta tenginganna.

Þá skrifar nemandinn ofan í stafinn Ó, litla ó-ið og bæði ö-in á sama hátt ofan. Gætið þess vel að rétt sé dregið til stafanna. Stafaslóðir eru sýndar á vinstri spássíu.

Gætið þess einnig að börnin byrji neðst og dragi upp á við þegar þau skrifa brodda. Best er að hafa þá nokkurn veginn yfir miðjum stöfum. Hallinn á þeim ræðst af eðlilegri sveifluhreyfingu hægri handar. Bæði tvídeplar og broddar eiga að vera nokkurn veginn yfir miðjum staf og í hæfilegri hæð.

Broddur og tvídepill er hljóðtákn. Þeir eru æfðir frekar aftar í bókinni. Komma og tvípunktur eru hins vegar greinarmerki.

Næst skrifar nemandinn ofan í ljósu stafina Óóó og Ööö. Að lokum skrifar hann ofan í orðið Óska, skrifar Óska í auða bilið með byrjunarpunkta til aðstoðar og endar á að skrifa ofan í seinna orðið Óska. Að vel unnu verki má svo nemandinn teikna mynd í kassann til vinstri.

O,

Komma er greinarmerki

Ó

Broddur er hljóðtákn

Óóó

Ööö


Hér sést hvar á að skrifa hljóðtáknin

O:

Tvípunktur er greinarmerki

Ö

Tvídepill er hljóðtákn



Bls. 10 Hringformið æft

Fleiri æfingar á:
<italiuskrift.com>

Sum börn keppast við að ljúka æfingum eins fljótt og þau geta. Þau læra lítið af því. Í hverjum skriftartíma þarf að minna bekkinn á flýta sér ekki, stundum oftast en einu sinni.


ALLTAF er gott þegar námið verður börnunum að leik. Hér teikna þau sápukúlur og æfa þannig skriftarhreyfingu ávölu stafanna.

Nemandinn á að teikna hringi eða sporöskjur og helst fylla blaðið. Svo litar hann alla teikninguna og breytir henni í blöðrur og sápukúlur.

Kennari þarf sem oftast að minna á að hreyfingin byrjar efst og er skrifuð rangsælis (fyrst til vinstri og niður á við). Hann þarf að fylgjast með að börnin geri það. Í hita leiksins geta reglurnar gleymst.

Hér er tillaga

Tvö eða þrjú börn í senn teikna eina sápukúlu hvert á töfluna. Öll hin eru beðin að fylgjast með og grípa þá glóðvolga sem skrifa í öfuga átt. Ef einhverjum verða á mistök eru þau leiðrétt á stundinni. Næst teikna önnur tvö eða þrjú sápukúlur undir eftirliti. Öll lita í snatri sinn hring. Svona er haldið áfram þangað til allir hafa teiknað. Að lokum verður taflan þakin litríkum sápukúlum.



Bls.11 Stafurinn ð Ð

Þeir sem geta skrifað stafinn D hafa lítið fyrir stafnum Ð. Þverstrikið er jafnhátt og í stafnum H. Fátt annað er um hann að segja.

Nemandinn á fyrst að skrifa ofan í ljósu krákustígana og ljósu o-in sem eru tengd. Hann fylgir þeim eftir með tengdu stöfunum þremur o, c, ð. Tengingarnar eru auðskildar og auðveldar. Kennari þarf þó að fylgjast með hvort þeim er sinnt í verki.


Næst skrifar nemandinn ofan í stóra Ð-ið og síðan litla ð-ið. Gæta þarf þess að börnin dragi rétt til stafanna. Slóðirnar eru sýndar vinstra megin á síðunni.

Svo skrifar hann ofan í ljósu stafina Ð, ð, ð. Úr stafnum ð tengja byrjendur ekki.

Að lokum skrifar hann ofan í orðin Eða og eða.

Þeir sem hafa náð fullum tökum á Ítalíuskrift tengja stundum úr stafnum ð ef yfirleggur fer á eftir honum, til dæmis í orðinu „eðli“.

Þegar skrifað er hratt og pennanum ekki lyft, tengist sjálfkrafa úr þverstikinu, sem er síðasti dráttur stafsins. Það er eðlileg þróun á persónulegri skrift.



Stafurinn ð getur verið erfiður mörgum nemendum. Farið því betur í hann með nemendum upp við töflu.

Reglur um þverstrikaðan yfirlegg stafsins ð eru ekki naglfastar. Oft gefst þó vel að hafa í huga kross ofan við stafinn o.

Sjá kaflana:

- ***o-fjölskyldan***
- ***Úr krákustig í skrift, lágstafir / litlir stafir***
- ***Úr frumformum í skrift Hástafir / Stórir stafir***


<vefir.nams.is/italiuskrift>
<italiuskrift.com




Bls. 12 Skriftarhreyfing




Kaktus




Sagir




Strútur



Hringir



Penslar



Flöskuburstar

ÞEGAR hingað er komið í æfingunum er ekki úr vegi að slaka á. Börnin eru langt komin með þriðju stafafjölskylduna. Eitt skref aftur á bak minnir þau á undirstöðuna. Skrift er ekki stritvinna. Skrift er krot sem stýrt er af kunnáttu.

Nemandinn á að krota gadda á broddgöltinn og reyna að láta þá standa jafnt í allar áttir. Myndirnar til vinstri sýna hvernig farið er að stig af stigi. Broddarnir geta verið með mismunandi lit allt eftir smekk nemandans.

Hönd nemandans, frá úlnliði til fingurgóma, á að hamast fram og aftur, niður og upp. Sérhver hönd hreyfist með sínu lagi og heldur eigin takti.

Fleiri sambærilegar æfingar eru

á: italiuskrif.com undir:

> Kennslugögn

> Byrjendur

> Krot 1

> Krot 2

Alltaf má útbúa svipaðar æfingar í viðbót og gjarna spyrja börnin hvað þeim fellur í geð.



Bls. 13 Stafirnir é É og æ Æ

STAFIRNIR æ og Æ eru gamlir kunningjar með nýju yfirbragði. Stafina é og É þekkjum við enn betur.

Nemandinn á fyrst að skrifa ofan í ljósu kráku-stígana og ljósu o-in sem eru tengd.

Næst skrifar hann ofan í stafina eæ og gætir vel að réttum tengingum.

Þar næst skrifar nemandinn ofan í stafina É é og Æ æ. Gæta þarf þess vel að hann dragi rétt til stafanna. Slóðir eru sýndar á vinstri spássíu. Stafbroddinn á að skrifa upp á við til hægri.

Þá skrifar nemandinn ofan í ljósu stafina Eee og Æææ. Að lokum skrifar hann ofan í orðið Æpa, skrifar Æpa í auða bilið, með byrjunarpunkta til aðstoðar og endar á að skrifa ofan í seinna orðið Æpa.

Á mynd sem merkt er Rangt, neðst til vinstri, sést stafurinn Æ rangt skrifaður.

Stafurinn E hallar aldrei til vinstri og ekki heldur þegar A og E koma saman í Æ.



Óvissa

Hvað þýðir lykkja þegar illa er skrifað?


1. Lágvaxinn stafurinn l
2. Stafurinn e í hærra lagi
3. Stafurinn i án depils
4. Óstrikaður stafur t.

leit

Auðþekktir stafir

Mismunandi leturform eru læsilegri.

<vefir.nams.is/italiuskrift>
<italiuskrift.com>



Bls. 14 Stafirnir t T og s S

Farið betur yfir með nemendum, upp við töflu:

- Hvern og einn staf
- Tengingar stafanna

Sjá betur kaflana:

- **a-fjölskyldan**
(Ath. þessi kafli er hluti úr kaflanum hér fyrir neðan Úr krákustíg ...)
- **Úr krákustíg í skrift, lágstafir / litlir stafir**
- **Úr frumformum í skrift Hástafir / Stórir stafir**

Þegar hingað er komið eiga nemendur að hafa náð nokkrum tókum á krákustígum og stafnum o tengdum.

LÁGSTAFIRNIR t og s (litlir) og hástafirnir T og S (stórir) eru æfðir á þennan hátt.

Nemandinn skrifar fyrst ofan í ljósu krákustígana og ljósu o-in sem eru tengd.

Næst skrifar hann ofan í stafina t, s, t. Tengingarnar eru óvenjulegar. Nauðsynlegt er að gefa þeim sérstakan gaum, ekki eftir á heldur meðan þær eru gerðar.

Þá skrifar nemandinn ofan í stafina T, t og S, s. Gæta þarf þess vel hann dragi rétt til stafanna. Slóðir eru sýndar á vinstri spássíu.

Næst skrifar nemandinn ofan í ljósu stafina T, t, t og S, s, s. Að lokum skrifar hann ofan í orðið Túss, skrifar Túss í auða bilið, með byrjunarpunkta til aðstoðar og skrifar að lokum ofan í seinna orðið Túss.

Stafurinn t er stundum kallaður „unglingurinn“ vegna þess að yfirleggurinn er styttri en á öðrum stöfum. Hann er jafnhár stafnum T. Það er erfðavenja.

Líka er hefðum bundið að hafa hann í o-fjölskyldunni. Boginn neðst á stafleggnum er ekki tengikrókur en á að vera svipaður stöfunum c og e. Börnum hættir ranglega til að hafa hann hvassan.



Bls. 15 Orð úr a, b og o fjölskyldum

HÉR eru skrifaðar stuttar setningar með stöfum og ólíkum hreyfingum úr þremur fjölskyldum.

Nemandinn byrjar á að fara ofan í setninguna í fyrstu línunni og skrifa hana síðan á grunnlínuna fyrir neðan. Hún er græn; á henni eiga stafirnir að standa. Til halds og trausts hefur hann láréttar hjálparlínur, byrjunarpunkta og hallalínur.

Næst skrifar hann „Unnur á dúkku“ á sama hátt.

Að leiðbeina um rétt pennagrip skiptir máli. Skrifkrampi er alvarlegt vandamál. Honum má afstýra með því að slaka á og halda skynsamlega á blýantinum. Á þessu þarf að taka strax í byrjun.

Þegar nemandinn hefur lokið við síðuna er mjög gagnlegt að hann skoði nákvæmlega það sem hann skrifaði. Eru stafirnir í réttri stærð? Hallast þeir jafnt? Eru bilin milli stafleggja jöfn? Er hann ánægður með afraksturinn? Eða þarf að skoða eitthvað betur og laga?

Bros- og fýlukarl má nota við sjálfsmatið. Kennarinn þarf að fara yfir gallana sem nemandinn fann sjálfur og gefa honum góð ráð um lagfæringar.

Hægt er að nálgast fleiri byrjunaræfingar og matsblað, sem kennarar geta haft til hliðsjónar þegar þeir fara yfir skrift: italiuskrift.com

Kennari þarf að fylgjast vel með hvernig börnin fara að. Þeim sem mistekst þarf að hjálpa strax svo þeir venjist ekki á rangar aðferðir.


Mikilvægt er að börnin finni ekki fyrir tímþröng og geti æft sig í ró og næði. Best er að námið sé til ánægju og skemmtunar þegar við verður komið.

Róleg tónlist án söngs getur myndað þægilegar aðstæður fyrir skriftaræfingar.

Ekki er heppilegt að lesa sögur fyrir börnin meðan þau vinna. Þá getur athyglin hvarflað frá skriftinni að sögunni.

Æfingin skapar meistarann.

vefir.nams.is/italiuskrift
italiuskrift.com



Bls. 16 Orð úr a, b og o fjölskyldum


Munið alltaf eftir að hrósa barninu. (Rannsóknir gefa til kynna að lof fyrir iðjusemi dugi betur en fyrir hæfileika.)

ÝMISLEGT kemur í ljós þegar sama setningin er skrifuð tvisvar.

Nemandinn byrjar á að fara ofan í setninguna „Pabbi á margar ær“ í fyrstu línunni og skrifa hana síðan á grunnlínuna fyrir neðan. Grunnlínan er græn; á henni eiga stafirnir að standa. Til halds og trausts hefur hann láréttar hjálparlínur, byrjunarpunkta og hallalínur.

Allt þetta endurtekur hann í þriðju og fjórðu línu. Áhugavert er að bera saman áranginn. Eins og oftast er gott að fara yfir blaðsíðuna með nemandanum til þess að athuga hvað betur má fara.

Hægt er að nálgast fleiri byrjunaræfingar og matsblað, sem kennarar geta haft til hliðsjónar þegar þeir fara yfir skrift: <italiuskrift.com>



Bls. 17 l-fjölskyldan kynnt og kennd

VIÐ fyrstu sýn er l-fjölskyldan auðveld og sjálfsögð. Í henni er þó aðgátar þörf. Grunnlína veitir stöfunum f og j lítinn stuðning. Á óstrikuðu blaði er erfitt að byrja línu á þeim og halda línubili, jafnvel fyrir vana skrifara. Þá er gildi hjálparlína ótvírætt.

Nemandinn á að spora krákustígana og stafina efst á þessari síðu. Eins og áður er gott að fara nokkrum sinnum ofan í þá til viðbótar.

Næst á hann að skrifa ofan í ljósu tengdu stafina l, i, j, f og síðan skrifa þá í auðu bilin þar sem byrjunarpunktur eru til aðstoðar.


Að lokum skrifar hann ofan í ljósu tengdu stafina f, i og l, i, f.

Kennari þarf að minna á að tengt er úr þverstrikinu á stafnum f og ekki er tengt úr stafnum j.


Sjá kaflann *l-fjölskyldan*.

Ítaliuskript hallast um rúmar þrjár gráður. Börnum sem vilja skrifa með meiri halla má leyfa það.

Bugður efst og neðst á stafnum f valda sjónblekkingu. Þess vegna er hann látinn hallast minna en hinir.



Þegar tengt er í stafinn f er byrjað á efri boganum og farið frá vinstri til hægri. Við byrjunarpunkt nemur drátturinn staðar og fer sömu leið til baka. Þetta köllum við snúning.




Ef ekki er tengt í stafinn f byrjar hann efst til hægri.



Úr tvöföldu f má tengja með einu þverstriki.

<vefir.nams.is/italiuskrift>
<italiuskrift.com>



Bls. 18 l-fjölskyldan l i j f

Farið betur yfir með nemendum, upp við töflu:

- hvern og einn staf
- tengingar stafanna

Sjá betur kaflana:

- ***l-fjölskyldan***
- ***Úr krákustíg í skrift, lágstafir / litlir stafir***
- ***Úr frumformum í skrift Hástafir / Stórir stafir***

Leggið okkur lið. Deilið skemmtilegum hugmyndum, sendið okkur línu:

postur@italiuskrift.com

og við komum þeim áfram.

AÐ STAFNUM f undanteknum er l-fjölskyldan fremur auðveld. Honum þarf að gefa sérstakan gaum.

Fyrst á nemandinn að spora krákustigana og stafina efst á þessari síðu og skrifa ofan í þá á eftir.

Næst á hann að strika ofan í útlinustafina. Svartir punktar sýna hvar á að byrja. Þar sem þeir eru stórir er þjóðráð að nota vaxliti. Slóðin fyrir f er sýnd hægra megin á síðunni. Slóðir hinna liggja í augum uppi.


Þá skrifar nemandinn ofan í ljósa f-ið í öðrum kassa frá vinstri og síðan f í hina kassana. Svartir punktar sýna hvar á að byrja.

Ef nemandinn vill frekar byrja á stafnum f með snúningi eins og sýnt er á spássiunni á bls. 17 er það allt í lagi.

Á vinstri hluta síðunnar er sýnt hvað helst ber að varast við að skrifa stafinn f. Hvorki má halla honum meira en öðrum stöfum né teygja úr bugðunum að ofan og neðan.

Eins og getið er á blaðsíðu 17, valda bogarnir efst og neðst á stafnum f sjónblekkingu. Hann lítur best út lóðréttur þótt í heild hallist Ítaliuskrift rúmar þrjár gráður. Leggurinn á að vera beinn, einungis með bugðum að ofan og neðan.

Munið að leiðbeina um rétt pennagrip.



Bls. 19 Leikur með deplastafi

TENGDIR deplar í réttri röð mynda stafi og kenna rétta slóð. Hér er enn leikið sér að letri.

Nemandinn á að spora fyrsta stafinn, sem er l, með því að fylgja tölustöfum. Næst er stafurinn skrifaður með vaxlit á sama hátt.

Þá sporar hann hinar talnarunurnar með fingri, finnur stafina einn af öðrum, i, j, f og skrifar þá svo með vaxlit. Þegar komið er að stjörnu þarf að lyfta litnum að næsta númeri og halda þar áfram.

Með því að spora fyrst og jafnvel oftast en einu sinni þekkir nemandinn slóðina og dregur til stafs af meiri vissu og öryggi. Þar sem stafirnir eru stórir gefst kostur á að nota vaxlit. Ekkert mælir þó móti því að nota blýant fyrst ef nemandinn vill.

Hægt er að stækka þessa síðu með ljósritun og leyfa börnunum að leika sér að stöfunum í mismunandi stærðum og með mismunandi skriffærum.

Mynd merkt Rangt á vinstri hluta síðunnar sýnir mismunandi bil og ójafnan halla. Mynd merkt Rétt sýnir rétt bil og jafnan halla. Augljóst er að þar er skriftin áferðarfallegri og læsilegri.

Farið betur yfir með nemendum, upp við töflu:

- hvern og einn staf
- tengingar


Sjá kaflana:

- ***l-fjölskyldan***
- ***Úr krákustig í skrift, lágstafir / litlir stafir***
- ***Úr frumformum í skrift Hástafir / Stórir stafir***

Sjá kaflana:

- ***Skript með vinstri hendi***
- ***Undirstaða***
- ***Pennagrip***

<vefir.nams.is/italiuskrift>
<italiuskrift.com>



Bls. 20 Stafirnir l, i og í

Farið betur yfir með nemendum, upp við töflu:

- hvern og einn staf
- tengingar

Tengingar úr þessum stöfum eru einfaldar og kannski orðnar sumum nemendum töm, öðrum ekki.

Sjá kaflana:

- ***l-fjölskyldan***
- ***Úr krákustíg í skrift, lágstafir / litlir stafir***
- ***Úr frumformum í skrift Hástafir / Stórir stafir***

Leggið okkur lið. Deilið skemmtilegum hugmyndum, sendið okkur póst á:
postur@italiuskrift.com
 og við komum þeim áfram.

HÉR eru æfðir lágstafirnir l, i og í (litlir) og hástafirnir L, I og Í (stórir).


Fyrst á nemandinn að skrifa ofan í ljósu u-in þrjú efst á síðunni.

Svo skrifar hann ofan í tengdu stafina l, i, i og l, í, í.

Næst skrifar hann ofan í stafina L, l og ofan í stafina I, i og Í, í. Gæta þarf þess að hann byrji brodda neðst og dragi þá upp á við. Best er að hafa þá nokkurn veginn yfir miðjum stöfum. Hallinn ræðst af eðlilegri sveifluhreyfingu hægri handar.

Þá skrifar nemandinn ótengdu stafina L, l, I, i, i og Í, í, í. Að lokum skrifar hann ofan í orðið Lilli, skrifar Lilli í auða bilið með byrjunarpunkta til aðstoðar og endar á að skrifa ofan í seinna orðið Lilli.

Allaf er gott þegar námið verður að leik hjá börnunum.



Bls. 21 Stafirnir j J og f F

ÞEGAR vel er vandað til er neðra strikið í stafunum F lítið eitt lægra en sama strikið í stafnum E. Þess gæta bestu skrifarar.

Fyrst á nemandinn að skrifa ofan í ljósu u-in þrjú efst á síðunni. Þeim er hann sennilega orðinn kunnugur.

Svo skrifar nemandinn ofan í tengdu stafina f, j. Kennari þarf að ganga úr skugga um að rétt sé dregið til stafsins f. Þverstrikið er lokadrátturinn og úr því er tengt í næsta staf.

Næst skrifar hann ofan í stóra J og svo ofan í litla j og á sama hátt ofan í stóra F og það litla.

Þá næst skrifar hann ofan í ljósu stafina J, j, j og F, f. Byrjendur tengja ekki úr j. Þegar tvö f standa hlið við hlið má draga þverstrikið gegnum þau bæði í einu lagi í stað þess að tengja úr fyrri stafnum í þann seinni.

Að lokum skrifar hann ofan í orðið Fífill í neðstu línu. Því næst skrifar hann Fífill í auða bilið og hefur byrjunarpunktana til aðstoðar. Á endanum skrifar hann ofan í seinna orðið Fífill.

Aldrei er settur depill fyrir ofan stórt J, aðeins yfir lágstafinn. Þetta þarf að gera börnunum ljóst. Ekki er verra að snúa því upp í gaman ef hægt er.

Farið betur yfir með nemendum, upp við töflu:

- hvern og einn staf
- tengingar

Ekki er tengt úr stafnum j. Tengt er úr þverstrikinu á f.

Sjá kaflana:

- ***l-fjölskyldan***
- ***Úr krákustig í skrift, lágstafir / litlir stafir***
- ***Úr frumformum í skrift Hástafir / Stórir stafir***

Sjá kaflana:

- ***Skript með vinstri hendi***
- ***Undirstaða***
- ***Pennagrip***

<vefir.nams.is/italiuskrift>
<italiuskrift.com>



Bls. 22 Stafir úr a, b, o og f fjölskyldunum

Sum börn keppast við að ljúka æfingum eins fljótt og þau geta. Þau læra lítið af því. Í hverjum skrifartíma þarf að minna bekkinn á flýta sér ekki, og það stundum oftast en einu sinni.

HÉR eru skrifaðar stuttar setningar með stöfum og ólíkum hreyfingum úr fjórum fjölskyldum.

Nemandinn byrjar á að fara ofan í setninguna í fyrstu línunni og skrifa hana síðan á grunnlínuna fyrir neðan. Hún er græn; á henni eiga stafirnir að standa. Til halds og trausts hefur hann láréttar hjálparlínur, byrjunarpunkta og hallalínur.

Næst skrifar hann „og flaggar í dag“ á sama hátt.


Að leiðbeina um rétt pennagrip skiptir máli.

Skrifkrampi er alvarlegt vandamál. Honum má afstýra með því að slaka á og halda skynsamlega á blýantinum. Á þessu þarf að taka strax í byrjun.

Þegar nemandinn hefur lokið við síðuna er mjög gagnlegt að hann skoði nákvæmlega það sem hann skrifaði. Eru stafirnir í réttri stærð? Hallast þeir jafnt? Eru bilin milli stafleggja jöfn? Er hann ánægður með afraksturinn? Eða þarf að skoða eitthvað betur og laga?

Bros- og fýlukarl má nota við sjálfsmatið. Kennarinn þarf að fara yfir gallana sem nemandinn fann sjálfur og gefa honum góð ráð um lagfæringar.

Hægt er að nálgast fleiri byrjunaræfingar og matsblað, sem kennarar geta haft til hliðsjónar þegar þeir fara yfir skrift: <italiuskrift.com>



Bls. 23 x-fjölskyldan kynnt og kennd

KRÁKUSTÍGAR eru undirstaða x-fjölskyldunnar. Þeir ráða hæð stafanna og breidd.

Nemandinn á að spora krákustígana og stafina á þeim. Þeir sýna hvernig umgjörð styður letrið. Gott er að fara hægt og rólega ofan í nokkrum sinnum.

Næst á nemandinn að skrifa ofan í ljósu tengdu stafina x, v, w, z. Huga þarf vel að tengingum.


Í línunni fyrir neðan skrifar nemandinn ofan í sömu stafina x, v, w, z, skrifar svo þá stafi í auða bilið og hefur byrjunarpunkta til aðstoðar, skrifar svo ofan í sömu stafi í lok línunnar.

Þar næst skrifar nemandinn ofan í ljósu tengdu stafina v, x.

Að endingu skrifar hann ofan í ljósu tengdu stafina w, z.

Eins og áður er í lagi að skrifa líka ofan í dökku stafina ef nemendur vilja.

Sjá betur kaflann *x-fjölskyldan*.




Röng slóð og misskilningur

Ef slóðin í efstu línunni bjagast getur stafurinn x orðið að stafnum v, illa skrifuðum. Flýtir er háskalegur.

Í miðlínunni má mislesa stafinn e fyrir stafinn x vegna villandi slóðar.

En rétta slóðin í neðstu línunni, hvort sem stafurinn er vel skrifaður eða illa, myndar einungis stafinn x.

<vefir.nams.is/italiuskrift>
<italiuskrift.com>



Bls. 24 x-fjölskyldan x v w z

Farið betur yfir með nemendum, upp við töflu:

- hvern og einn staf
- tengingar

Sjá betur kaflana:

- ***x-fjölskyldan***
- ***Úr krákustíg í skrift, lágstafir / litlir stafir***
- ***Úr frumformum í skrift Hástafir / Stórir stafir***


SKÁSTRÍK eru uppistaða x-fjölskyldunnar sem hér er kynnt og kennd betur.

Nemandinn á fyrst að skrifa ofan í útlínustafina. Svartir punktar sýna hvar á að byrja. Slóð hvers stafs er sýnd vinstra megin á síðunni. Þar sem stafirnir eru stórir er þjóðráð að nota vaxliti.

Næst skrifar hann ofan í ljósu stafina í kössunum. Svartir punktar sýna hvar á að byrja.

Eins og útskýrt er í kaflanum ***x-fjölskyldan*** er stafurinn w gerður úr stafnum v sem skrifaður er tvisvar. Hann nær ekki réttu jafnvægi nema þeir hallist dálítið hvor að öðrum. Hér er það auðséð þar sem stafurinn w er inni í tveimur samhliða kössum.

Sjá betur kaflann ***x-fjölskyldan***



Bls. 25 Leikur að deplastöfum

TENGDIR deplar í réttri röð mynda stafi og kenna rétta slóð. Hér er enn verið að leika sér að letri.

Nemandinn á að spora stafinn x, sem er fyrstur, með því að fylgja tölustöfum með fingri. Næst er stafurinn skrifaður með vaxlit á sama hátt. Þegar komið er að stjörnu þarf að lyfta litnum að næsta númeri og halda þar áfram.

Næst sporar nemandinn hinar talnarunurnar með fingri, finnur stafina einn af öðrum, v, w, z og skrifar þá svo með vaxlit.

Með því að spora fyrst og jafnvel oft en einu sinni þekkir nemandinn slóðina og dregur til stafs af meiri vissu og öryggi. Þar sem stafirnir eru stórir gefst kostur á að nota vaxlit. Ekkert mælir þó móti því að nota blýant fyrst ef nemandinn vill.

Hægt er að stækka þessa síðu með ljósritun og leyfa börnunum að leika sér að stöfunum í mismunandi stærðum og með mismunandi skriffærum.


Vinstra megin á síðunni eru réttar stafslóðir.

Sjá betur kaflann *x-fjölskyldan*.

Munið að leiðbeina um rétt pennagrip.

Leggið okkur lið. Deilið skemmtilegum hugmyndum, sendið okkur póst á: postur@italiuskrift.com og við komum þeim áfram.

<vefir.nams.is/italiuskrift>
<italiuskrift.com>



Bls. 26 Stafirnir x X og z Z

Farið betur yfir með nemendum, upp við töflu:

- hvern og einn staf
- tengingar

Sjá betur kaflana:

- **x-fjölskyldan**
(Ath. þessi kafli er hluti úr kaflanum hér fyrir neðan Úr krákustíg ...)
- **Úr krákustíg í skrift, lágstafir / litlir stafir**
- **Úr frumformum í skrift Hástafir / Stórir stafir**

LÁGSTAFIRNIR x og z (litlir) og hástafirnir X og Z (stórir) eru æfðir á þennan hátt.

Nemandinn skrifar fyrst ofan í ljósu krákustígana efst á síðunni.


Þá skrifar hann ofan í ljósu stafina x, x, x og z, z. Ekki er tengt úr x-i og því er engin tenging milli x stafanna. Hins vegar er tengt í og úr z.

Næst skrifar nemandinn ofan í stóra X og litla x og eftir það ofan í stóra Z og litla z. Gæta þarf þess vel að hann dragi rétt til stafanna. Slóðir eru sýndar á vinstri spássíu.

Svo skrifar hann ofan í ljósu orðin Uxi og Zeta.

Að lokum skrifar hann ofan í orðið Lax, skrifar Lax í auða bilið með byrjunarpunkta til aðstoðar og endar á að skrifa ofan í seinna orðið Lax.

Munið að leiðbeina um rétt pennagrip til þess að koma í veg fyrir skrifkrampa



Bls. 27 Stafirnir v V og w W

ÚR GRÍSKA stafnum Y fengu Rómverjar stafinn V, ef til vill með viðkomu hjá Etrúrum. Seinna varð hann líka að stöfunum U og W.

Nemandinn skrifar fyrst ofan í ljósu krákustígana efst á síðunni.

Þá skrifar hann ofan í tengdu stafina vv og ww.

Næst skrifar hann ofan í ljósu tengdu stafina v, v, v og w, w. Tengingunum þarf að gefa gaum. Þær eru svipaðar króktengingunni úr stafnum r.

Svo skrifar hann ofan í ljósu ótengdu stafina Vv og Ww. Gæta þarf þess vel hann dragi rétt til stafanna. Slóðir eru sýndar á vinstri spássíu.

Síðan skrifar nemandinn orðið Vex í auð bil og ofan í ljósu orðin Vex og vex. Þar að auki má hann gjarna skrifa ofan í dekkri orðin í línunni líka.

Að lokum skrifar hann ofan í orðið Vofa, skrifar Vofa í auða bilið með byrjunarpunkta til aðstoðar og endar á að skrifa ofan í seinna orðið Vofa.

Farið betur yfir með nemendum, upp við töflu:

- hvern og einn staf
- tengingar

Sjá betur kaflana:

- **b-fjölskyldan**
- **Úr krákustig í skrift, lágstafir / litlir stafir**
- **Úr frumformum í skrift Hástafir / Stórir stafir**



Bls. 28 Stafir úr öllum fjölskyldum

Leggið okkur lið. Deilið skemmtilegum hugmyndum, sendið okkur póst á:
postur@italiuskrift.com
og við komum þeim áfram.

ÞEGAR hingað er komið hefur verið farið yfir alla stafina. Hér er setning sem skiptist í tvær línur.

Áður en byrjað er á blaðsíðunni þarf að minna á rétt pennagrip.


Nemandinn byrjar á að skrifa ofan í fyrri hluta setningarinnar í fyrstu línunni. Svo skrifar hann hana á grunnlínuna fyrir neðan. Hún er græn; á henni eiga stafirnir að standa. Til halds og trausts hefur hann láréttar hjálparlínur, byrjunarpunkta og hallalínur.

Síðan skrifar hann ofan í seinni hlutann á sama hátt og á grunnlínuna fyrir neðan.

Þegar nemandinn hefur lokið við síðuna er mjög gagnlegt að hann skoði nákvæmlega það sem hann skrifaði. Eru stafirnir í réttri stærð? Hallast þeir jafnt? Eru bilin milli stafleggja jöfn? Er hann ánægður með afraksturinn? Eða þarf að skoða eitthvað betur og laga?

Bros- og fýlukarl má nota við sjálfsmatið. Kennarinn þarf að fara yfir gallana sem nemandinn fann sjálfur og gefa honum góð ráð um lagfæringar.

Hægt er að nálgast fleiri byrjunaræfingar og matsblað, sem kennarar geta haft til hliðsjónar þegar þeir fara yfir skrift: **<italiuskrift.com>**



Bls. 29 Broddstafir

VÍÐBÓTARTÁKN eru höfð svo tugum skiptir til frekari skilgreininga í latneska stafrófinu. Tvö þeirra, broddur og tvídepill, eru notuð í íslensku.

Best er að hafa brodd nokkurn veginn yfir miðjum staf. Hallinn á honum ræðst af eðlilegri sveifluhreyfingu hægri handar.

Broddur má ekki vera langt frá stafnum. Ef hann er hafður of nálægt getur stafurinn orðið lágkúrulegur, eins og sést á myndinni neðst til vinstri á blaðsíðunni.

Nemandinn á að skrifa ofan í ljósu stafina og síðan sömu stafi í auðu bilin á milli. Þar eru byrjunarpunktar til hjálpar auk láréttu línanna.

Eins og áður er getið er broddur hjóðtákn en komma greinarmerki. Hana skal ekki setja yfir staf. Stundum er orðið komma notað þegar átt er við brodd. Börnin þurfa að læra að það er rangnefni.

Sjáið betur *Smælki* síðast í kaflanum:

Úr frumformum í skrift Hástafir / Stórir stafir.


Alltaf þarf að fylgjast með hvernig nemendur halda á skriffærum, gæta þess að gripið sé rétt og ekki of fast.

Farið betur yfir með nemendum, upp við töflu:

- Hvern og einn staf
- Staðsetningu brodds

Sjá einnig kaflana:

- **Úr krákustig í skrift, lágstafir / litlir stafir**
- **Úr frumformum í skrift Hástafir / Stórir stafir**



Bls.30 Bls. 10 Handastjórn með punktamynd

Munið eftir að hrósa þegar vel gengur. Það gleður barnið og ber árangur.

Með því að leiðbeina í tæka tíð má afstýra að það temji sér rangar aðferðir.

Allaf er gott þegar námið verður að leik.

Barnið þarf að geta æft sig í ró og næði. Það má ekki finna fyrir tímaþröng. Æfingin skapar meistarann. Nóg er til af viðbótaræfingum á: italiuskrift.com


AÐ LOKNUM erfiðari æfingum má fást við slöngu. Hún er ekki eins auðveld og í fyrri bókinni. Lengra er milli punkta. Hún á þó að vera leikur fyrir hvern sem er.

Nemandur eiga að draga línur milli punktanna. Hver getur gert það eftir sínu höfði. Sumir tengja allt sem hægt er. Aðrir forðast þríhyrninga til dæmis. Slöngurnar geta því orðið mjög mismunandi. Gaman getur verið að bera þær saman.

Mikilvægt er að leiðbeina um rétt pennagrip.

Sjá einnig kaflann *Kostir krotæfinga*.

Alltaf má gera svipaðar æfingar og jafnvel biðja börnin um uppástungur. Þau geta auðveldlega búið til sínar eigin punktamyndir. Hvað dettur þeim í hug?



Bls. 31 Tölustafir

TÖLUSTAFIR eru jafnháir hástöfunum og ná upp í línuna milli yfirlínu og miðlínu, skýjalínu.

Nemandinn á að skrifa ofan í ljósu tölustafina. Stafaslóðin sést til vinstri á blaðsíðunni.

Áður en nemendur byrja að vinna blaðsíðuna er nauðsynlegt fyrir kennara að fara vel yfir hvern og einn tölustaf með þeim.


Ítarlega er farið yfir tölustafina í liðnum *Tölur* aftarlega í kaflanum

Úr frumformum í skrift Hástafir / Stórir stafir.

Alltaf þarf að fylgjast með hvernig nemendur halda á skriffærum, gæta þess að gripið sé rétt og ekki of fast haldið á þeim.

123 ABC

Tölustafir og hástafir eiga að vera jafnháir.



Bls. 32 Deplastafir

Vakna spurningar? Er eitthvað óljóst? Þarf á frekari skýringum að halda? Hafið endilega samband:

postur@italiuskrift.com

Við reynum að svara eftir bestu getu.

Freyja og Gunnlaugur
<italiuskrift.com>

DEPLUM var bætt á stafina i og j til þess að þeir týndust ekki í gotnesku lettri. Of margir stafleggir voru svipaðir.

Mörg börn setja depil fyrir ofan stóru stafina I og J. Þar á hann aldrei heima í íslensku. (Stafurinn I með depli er notaður í Tyrklandi og Aserbajdsjan.) Tvídeplar eru his vegar bæði á stafnum ö og Ö.

Broddar og tvídeplar eiga að vera nokkurn veginn yfir miðjum staf og í hæfilegri hæð. Ef þeir eru of neðarlega geta stafirnir orðið lággúrulegir eins og sést á myndinni í bókinni, neðst til vinstri.

Í íslensku eru broddar ekki skrifaðir í stað tvídepla. Tvíbroddur er notaður í Ungverjalandi, í Shuvashía (sem er sjálfstætt ríki milli Nizjnij Novgorod og Kasan; 18,300 km²) og stundum í Færeyjum þegar stafurinn ø er til vandræða.

Nemandinn á að skrifa ofan í ljósu stafina og síðan sömu stafi í auðu bilin á milli. Þar eru byrjunar-punktur til hjálpar auk láréttu línanna.

Stundum er talað um punkt þegar átt er við depil og tvípunkt þegar átt er við tvídepil. Eins og áður er getið eru depill og tvídepill hjóðtákn. Punktur og tvípunktur eru greinarmerki. Síður er hætta á að börnin ruglist á þessum hugtökum ef þau eru útskýrð í upphafi.

Sjá ennfremur *Smælki* síðast í kaflanum:

Úr frumformum í skrift Hástafir / Stórir stafir.

Persónuleg rithönd

MARKMIÐ skriftarnámsins er að nemandinn þjálfist í skrift sem nýtist honum vel í skólastarfinu og í daglegu lífi síðar meir.

Grunnurinn þarf að vera góður til að hægt sé að byggja ofan á. Forskriftin í bókunum er undirstaðan en Ítaliuskriptin felur í sér marga möguleika til þróunar á fallegri rithönd.

Með því að leiðbeina nemandanum í tæka tíð má afstýra að hann temji sér rangar aðferðir.

Mikilvægt er að hann finni ekki fyrir tímaþröng og geti æft sig í ró og næði. Best er að námið sé til ánægju og skemmtunar. Æfingin skapar meistarann.

Munið eftir að hrósa barninu þegar vel gengur. Það er mjög mikilvægt.

1B Ítaliuskript

Kennsluleiðbeiningar

<vefir.nams.is/italiuskrift>

© 2012 Texti, umbrot

og teikningar:

Freyja Bergsveinsdóttir og
Gunnlaugur SE Briem

Ritstjóri: Harpa Pálmadóttir

1. útgáfa 2012

Námsgagnastofnun

Kópavogi.

Ítalíuskrift

Kennsluleiðbeiningar

Þessar kennsluleiðbeiningar og fleiri eru að finna á vef Námsgagnastofnunar: <vefir.nams.is/italiuskrift>

Viðbótarefni og kennslugögn má sækja á lénið <italiuskrift.com>. T.d.

– Krotæfingar og krákustígsæfingar.






– Borðrenninga með tengdu og ótengdu lettri, með og án hjálparlína.

– Línustrikuð byrjendablöð. Hvort tveggja við hæfi rétthentra og örvhentra. Blöð með hjálparlinum fyrir skrift í sex stærðum, bæði með hallalinum og án þeirra.

– Rúðustrikuð blöð, með og án hallalína.

– Deplastafi sem skrifaðir eru eftir talnaröð.

– Forskriftarblöð.



Gangi ykkur vel!